

79
10. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu Patrekshrepps.

1. gr.

Verð á rafmagni um mæli skal vera kr. 0,75 fyrir hverja kilowattstund. Gjald þetta er hreppsnefnd, í samráði við rafveitunefnd, heimilt að hækka eða lækka um alt að 25%.

Um verð á rafmagni til ljóslækninga fer eftir sjerstökum samningi, og ber þá að taka tillit til, á hvaða tíma dags rafmagnið er notað.

Verð fyrir rafmagn til götulýsingar ákveður hreppsnefndin.

2. gr.

Rafmagnsgjöld eftir mæli greiðast annan hvorn mánuð eftir á, undir eins og krafist er. Gjald fyrir rafmagn má taka lögtaki.

3. gr.

Leiga fyrir hvern mæli skal vera:

a. Í íbúðarhúsum kr. 0,60 á mánuði.

b. Í útihúsum kr. 0,80 á mánuði,

er greiðist á tveggja mánaða fresti, um leið og gjaldið fyrir rafmagnið er greitt.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Patrekshrepps frá 3. okt. 1919.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. október 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.